LÖG

um breyting á lögum nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, lögum nr. 75/1966, sbr. lög nr. 55/1973 og lög nr. 99/1975, um Fiskveiðasjóð Íslands, lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og lögum nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, orðist svo: Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.

2. gr.

16. gr. laga nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, orðist svo:
Árlegar tekjur áhafnadeildarinnar eru af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.

3. gr.

Í stað c- og d-liða 1. gr. laga nr. 55/1973, um breyting á lögum nr 75/1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 99/1975, um breyting á þeim lögum, komi nýr c-liður og orðist svo, en aðrir liðir merkist samkvæmt því:

c) Til viðbótar tekjum sjóðsins samkvæmt b-lið greiðir ríkissjóður honum árlega fjárhæð er nemi ¾ hlutum af tekjum samkvæmt b-lið.

4. gr.

2. mgr. 18. gr. laga nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, orðist svo:
Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd ferskfiskeftirlitsins skal greiða útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum. Gjald þetta fer eftir lögum um útflutningsgjald.

5. gr.

2. gr. laga nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð, orðist svo:
Tekjur Fiskimálasjóðs eru þessar:

1. Eignir Fiskimálasjóðs er starfað hefur samkvæmt lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., nr. 75 31. desember 1937.
2. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.
3. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.

Heimilt er stjórn Fiskimálasjóðs, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 10 milljón króna lán til starfsemi sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þetta fyrir hönd ríkissjóðs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 17. maí 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.